

Fundur í stjórn hjúkrunar- og dvalarheimilisins Naust haldinn á skrifstofu Langanesbyggðar fimmtudaginn 17. október 2013 og hófst kl 12:00.

Mættir eru: Bjarnveig Skaftfeld, Ragnhildur Karlsdóttir, Kristín Thorberg, Ólafur Steinarsson og Sigríður Jóhannesdóttir sem ritaði fundargerð.

1. Fundargerð síðasta stjórnarfundar

Lögð fram til kynningar.

2. Samningur við Heilbrigðisstofnun Þingeyinga (HP).

Sveitarstjóri lagði fyrir drög að samningi við HP. Samningurinn ræddur í grófum dráttum. Lagt til að samningurinn verði samþykktur með einni smávægilegri breytingu um að lækni í öldrunarlækningum komi 2x á ári.

3. Horfur í rekstri Nausts 2013.

Ólafur fór yfir útkomuspá fyrir árið 2013. Kristín fór yfir nýtinguna á Nausti, hvernig hún hefur verið og áætlun um nýtingu út árið. Nýtingin á Nausti hefur verið að lagast með haustinu. Ljóst að það sem veldur halla ársins er að tekjuforsendur hafa brostið megin hluta ársins, en talsvert tap myndaðist fyrstu átta mánuðina. Reikna má með tæplega 7 milljón kr halla á rekstrinum miðað við núverandi forsendur en ljóst er að aðhald þarf að vera á rekstrinum til þess að náist að vinna tap fyrri mánaða upp.

4. Horfur í rekstri Nausts 2014

Lögð fyrir fyrstu drög að áætlun 2014. Þar er gert ráð fyrir 77% nýtingu og tekjuforsendum miðaðar út frá því. Vinna þarf áfram í áætluninni og skoða betur gjaldaliðina.

5. Félagsstarf aldraðra

Fundarmenn ræddu um félagsstarf aldraðra. Á fundi félags eldri borgara var rætt um að mikilvægt væri að auglýsa eftir starfsmanni í starfið. Rætt var um sjálfstæði félagstarfsins. Sveitarstjóri þarf að skoða málið betur.

6. Áskorun til sveitarstjórnar

Stjórn Nausts skorar á sveitarstjórn að móta sér stefnu í málefnum aldraðra með aðkomu félags eldri borgara.

Stjórn Nausts skorar á sveitarstjórn að fara að vinna í aðgengismálum fyrir fatlaðra í sveitarfélaginu.

7. Íbúðir aldraðra

Ólafur leggur til að málefni þjónustuíbúðanna í Bakkavegi 23 og Miðholti 10 falli undir stjórn Nausts. Stjórnarmenn sammála um það og óska eftir umboði sveitarstjórnar þess efnis.

Fleira gert

Fundargerð upplesin og samþykkt

Fundi slitið kl 13:00